

# Jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar 2019 - 2023

## *Jafnréttisáætlun Eyjafjarðarsveitar*

Jafnréttisáætlun þessi byggist á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Eyjafjarðarsveit leggur metnað í að **tryggja konum og körlum jöfn áhrif, tækifæri og virðingu** og gerir þá kröfu til kjörinna fulltrúa, fulltrúa í nefndum og starfshópum, stjórnenda og annarra starfsmanna hjá sveitarfélaginu að þeir taki mið af áætlun þessari í störfum sínum fyrir sveitarfélagið. Á grundvelli jafnréttisáætlunarinnar er lögð fram framkvæmdaáætlun um hvernig markmiðum hennar skuli náð sbr. gr. 1.3. hér að neðan.

## **I. Framkvæmd og umfang**

### *1.1. Umfang*

Áætlun þessi tekur annars vegar til stjórnkerfis Eyjafjarðarsveitar og starfsmanna sveitarfélagsins og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem veitt er íbúum sveitarfélagsins.

### *1.2. Félagsmálanefnd- umsjón með jafnréttismálum*

Félagsmálanefnd hefur með höndum jafnréttismál innan sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 10/2008, 12. grein. Skal nefndin vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar í málefnum er varða jafnrétti kvenna og karla ásamt því að fylgjast með og leggja fram tillögur til sveitarstjórnar að sérstökum aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Félagsmálanefnd leitar ráðgjafar til Jafnréttisstofu í þeim efnum. Félagsmálanefnd vinnur að tillögugerð og undirbúningi stefnumótunar í jafnréttismálum innan Eyjafjarðarsveitar og sér um framkvæmd jafnréttisáætlunar í samvinnu við sveitarstjórn. Ennfremur liðsinnir hún nefndum og stofnunum innan sveitarfélagsins í jafnréttismálum.

### *1.3. Jafnréttisáætlanir*

Í upphafi hvers kjörtímabils skal félagsmálanefnd yfirfara jafnréttisáætlun sveitarfélagsins og gera starfsáætlun í jafnréttismálum. Jafnréttisáætlanir skulu lagðar fram til samþykktar í viðkomandi sveitarstjórn eigi síðar en ári eftir sveitarstjórnakosningar. sbr. 2. mgr. 12. grein laganna.

### *1.4. Nefndir og ráð*

Við skipan í nefndir, stjórnir og starfshópa á vegum sveitarfélagsins skal gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust sbr. 15. grein laganna.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Eyjafjarðarsveitar skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og leitast við að það sé ekki undir 40% þegar um fleiri en 3 fulltrúa er að ræða. Leitast skal við að kynjahlutfall við formennsku í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins og stofnana þess sé ekki undir 40%.

## **II. Stjórnkerfi og starfsmannastefna**

### *2.1. Auglýsingar og ráðningar*

Að jafnaði skulu öll störf auglýst. Auglýsandi og sá sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé kyni ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt, sbr. 29. gr. laganna. Í auglýsingum um störf skal unnið

að því að jafna hlut kynjanna. Skal meginreglan vera sú að standi valið um jafnhæfa einstaklinga skal sá ráðinn sem er af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein hjá sveitarfélaginu. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar sbr. 1. mgr. 20. gr. laganna.

## *2.2. Kjör*

Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og er í því sambandi vísað til 19. gr. laganna. Í því sambandi skal sérstaklega leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun karla og kvenna. Unnið skal að því að störf, s.s. umönnunar-, uppeldis- og heimilisstörf, verði í samningum metin til jafns við önnur störf við starfsaldursákvæðanir hjá öllum starfsstéttum

## *2.3 Starfsaðstæður*

Starfsfólk Eyjafjarðarsveitar skal eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma, hlutastörfum eða annarri hagræðingu vinnutíma þar sem því verður við komið og samkomulag er gert þess efnis milli viðkomandi starfsmanna og stjórnenda. Þannig skal starfsfólki gert auðveldara að samræma starf og fjölskylduábyrgð sbr. 21. grein. Konum og körlum skal einnig gert kleift að minnka við sig vinnu tímabundið til að sinna fjölskylduábyrgð, eins og umönnun veikra barna og annarra nákominna.

## *2.4 Samræming fjölskyldu og atvinnulífs*

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. (tilv. 21. gr. 10/2008).

## *2.5 Kynbundið ofbeldi, kynbundin/kynferðisleg áreitni*

Sveitarfélagið og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum sbr. 22. grein laganna. Útbúa skal forvarnaráætlun og fræðslu gegn kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni.

# **III. Fræðsla og ráðgjöf**

## *3.1. Fræðsla og endurmenntun*

Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarfélagsins.

Fylgjast skal með endurmenntun starfsmanna í sveitarfélaginu og skulu stjórnendur beita sér fyrir því að slíkir möguleikar séu fyrir hendi sem geti aukið tækifæri kvenna og karla til atvinnu og menntunar.

## *3.2. Jafnréttisráðgjöf til íbúa sveitarfélagsins*

Félagsmálanefnd skal veita íbúum Eyjafjarðarsveitar ráðgjöf í jafnréttismálum, sé eftir því leitað. Ef einstaklingur eða hópur telur sér mismunað m.t.t. kynferðis, skal veita viðkomandi aðstoð/ráðgjöf við að leita réttar síns, þar á meðal leiðbeiningar varðandi kærur til kærunefndar jafnréttismála. Þetta mun verða gert í samvinnu við Jafnréttisstofu.

## *3.3. Jafnréttisfræðsla í skólum og öðrum uppeldisstofnunum*

Skólayfirvöld og forstöðumenn annarra uppeldisstofnana skulu vinna að því að jafna stöðu kynjanna sbr. 23. gr. laganna og veita börnum og unglíngum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.

Lögð skal áhersla á að kennarar fái þjálfun í að undirbúa nemendur af báðum kynjum undir einkalíf, atvinnulíf, félagslíf og fjölskyldulíf í samfélaginu.

Í þessu skyni er því beint til skólastjórnenda að sjá til þess að:

- a. Námsefni mismuni ekki kynjum.
- b. Náms og starfsfræðsla standi nemendum til boða á síðari stigum grunnskóla.
- c. Sjálfstyrking verði sjálfsgæður hlutur námsins á öllum skólastigum.
- d. Gunnskólinn leggi áherslu á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs.

### *3.3.1. Íþrótt-, forvarna- og tómstundamál*

Íþrótt- og tómstundanevnd skal veita stúlkum og drengjum sömu tækifæri til íþróttaiðkana og hvetur íþróttafélög til hins sama. Kynin skulu sitja jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Komi í ljós að fyrirkomulag starfseminnar sé með þeim hætti að tækifæri og möguleikar kynjanna séu ekki jafnir skal þegar leita leiða til úrbóta og hrinda þeim í framkvæmd í samstarfi við íþrótt- og tómstundaráð og annarra sem koma að íþróttamálum á vegum sveitarinnar.

Þess skal gætt að allir einstaklingar hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

## **IV. Kynning á áætluninni**

Eftir samþykkt sveitarstjórnar á áætluninni skal hún sett á heimasíðu sveitarinnar og kynnt stofnunum á vegum sveitarfélagsins.

## **V. Sérstakar aðgerðir til að auka jafnrétti**

Félagsmálanefnd Eyjafjarðarsveitar fjalli, a.m.k. einu sinni á ári, á fundum sínum sérstaklega um jafnréttismál, með það að markmiði að áætlun um jafnréttismál sveitarfélagsins nái fram að ganga. Þetta skal kynnt á árlegum haustfundi sem haldinn er fyrir nefndir og yfirmenn sveitarfélagsins.

## **VI. Endurskoðun**

Jafnréttisáætlun þessi skal endurskoðuð ári eftir næstu sveitarstjórnarkosningar, sbr. 2. mgr. 12. grein nr. 10/2008.

Samþykkt í félagsmálanefnd 25. september 2019.

Samþykkt af sveitastjórn 7. október 2019.